

GRÆNT BÓKHALD 2015



Efnisinnihald:

Yfirlýsing stjórnar	3
Staðfesting endurskoðanda	4
Almennar upplýsingar	5
Hráefna- og auðlindanotkun;- Lykiltölur	5
4.1 Helstu hráefni	6
4.2 Umbúðir og pökkun	7
4.3 Sorpflokkun	7
4.4 Eiturefni	7
4.5 Rafmagn, heitt og kalt vatn	8
4.6 Duftsíun og uppgufun leysiefna	8
4.7 Hávaði	8

1. Yfirlýsing stjórnar

Árið 2015 var stöðugt í rekstri. Engar breytingar voru gerðar á framleiðsluferli fyrirtækisins. Bilanir á framleiðslubúnaði eða mengunaróhöpp áttu sér ekki stað á árinu. Það staðfestist hér með að allar upplýsingar í skýrslu þessari um grænt bókhald eru unnar úr gögnum félagsins.

Kópavogur 30. apríl 2016
Málning hf

Valdimar Bergstað, stjórnarformaður

2. Áritun endurskoðanda

Við höfum endurskoðað tölulegar upplýsingar í skýrslu um grænt bókhald fyrir Málningu hf fyrir árið 2015 sbr. Reglugerð nr. 851/2002.

Endurskoðunin felur í sér úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna tölulegar upplýsingar sem koma fram í græna bókhaldinu. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að tölulegar upplýsingar í grænu bókhaldi Málningar hf fyrir árið 2015 séu í samræmi við upplýsingar í fjárhagsbókhaldi þess.

Reykjavík 30. apríl 2016
PricewaterhouseCoopers hf

Reynir Vignir, löggiltur endurskoðandi

3. Almennar upplýsingar

- Nafn fyrirtækisins er Málning hf og kennitala þess er 450269-4849.
- Aðsetur þess er á Dalvegi 18, 201 Kópavogi.
- Framkvæmdastjóri fyrirtækisins er Baldvin Valdimarsson.
- Ábyrgðamaður skýrslunnar er Gísli Guðmundsson efnaverkfræðingur.
- Í stjórn fyrirtækisins sitja Valdimar Bergstað stjórnarformaður, Halldóra Baldvinsdóttir og Hjörtur Bergstað.
- Fyrirtækið er í flokki 4.8 skv. fylgiskjali með reglugerð um grænt bókhald.
- Málning hf er með starfsleyfi sem gildir til 01.02.2016.
- Útgefandi starfsleyfis er Umhverfisstofnun og eftirlitsaðili er Umhverfisstofnun.
- Tímabil græns bókhalds er frá 01.01.2015 til 31.12.2015.

4. Hráefna- og auðlindanotkun; – Lykiltölur

Málning hf hefur yfir að ráða um 260 hráefnum til málningarframleiðslu sinnar. Af þessum fjölda flokkast um 90 hráefni sem merkingarskyld, ef magn þeirra fer yfir ákv. viðmiðunarmörk skv. reglugerð nr. 236/1990 og nr. 921/2000 ásamt síðari breytingum. Við hjá Málningu hf höfum farið þá leið að notast við hefðbundna flokkun efna til málningarframleiðslu og gefum síðan upp magn þriggja stærstu hráefnanna í hverjum flokki. Þessir flokkar eru bindiefni vatnspynnanleg, bindiefni leysiefnaþynnanleg, fylliefni, litarefni, upplausnarefni og hjálparefni. Allt frá fyrstu tíð við gerð græns bókhalds hafa þessar tölur verið gefnar upp sem hlutfallstölur m.v. magn 2003 sem grunnár. Þar sem Málning hf er eini framleiðandinn að málningu á Íslandi og þar með eina slíka fyrirtækið sem þarf að sækja um starfsleyfi fyrir starfsemi sína var ákveðið að gefa upp rauntölur í þessari skýrslu.

4.1 Helstu hráefni

	2012	2013	2014	2015
Bindiefni vatnsþynnanleg				
- Lipatone AE 3723	93368 kg	92335 kg	96751 kg	94509 kg
- Lipatone AE 4620	36962 kg	45670 kg	57872 kg	49701 kg
- Maincote HG -54	34351 kg	29440 kg	35964 kg	33743 kg
Bindiefni leysiefnaþynnt				
- Noralkyd S61-60W	66994 kg	51777 kg	56708 kg	63728 kg
- Noralkyd T83-100	22058 kg	17589 kg	22964 kg	22926 kg
- Noralkyd TX 57-55H	14906 kg	18790 kg	27181 kg	25341 kg
Fylliefni				
- Microdol 1	97328 kg	95329 kg	115604 kg	115775 kg
- Micro Talc AT1	41422 kg	43127 kg	46966 kg	46670 kg
- Calsimatt	12116 kg	14463 kg	21704 kg	20701 kg
	2012	2013	2014	2015
Litarefni				
- Títanhvíta	149450 kg	155774 kg	178620kg	177370 kg
- Zínkfosfat	1890 kg	1910 kg	1807 kg	2191 kg
- Oxydsort 318M	1146 kg	851 kg	1234 kg	1195 kg
Upplausnarefni				
- Mineral terpentína	153824 kg	120454 kg	151334 kg	161034 kg
- Xylen	42549 kg	37885 kg	43113 kg	43140 kg
- Etanól	10448 kg	11715 kg	11772 kg	13286 kg
Hjálparefni				
- Acrysol TT 935	4149 kg	5284 kg	6461 kg	6329 kg
- Aquaflo NHS 300	3024 kg	3687 kg	4158 kg	4277 kg
- BYK 034	1934 kg	1914 kg	2060 kg	2041 kg

4.2 Umbúðir og pökkun

	2012	2013	2014	2015
Pökkunarplast	3 tonn	2 tonn	1 tonn	2 tonn
Allar umbúðir	361616 stk.	334896 stk.	378170 stk.	478851 stk.

4.3 Sorpflokkun

	2012	2013	2014	2015
Blandaður úrgangur	19280 kg	16360 kg	19750 kg	17720 kg
Grófur úrgangur	9640 kg	3320 kg	1960 kg	3700 kg
Timbur	13270 kg	7840 kg	11396 kg	268 kg
Málmar	24840 kg	17020 kg	15330 kg	15419 kg
Spilliefni og skol	25000 kg	17611 kg	26828 kg	31257 kg
Vatnsþynnt málning	4267 kg	3896 kg	3447 kg	3673 kg
Leysiefnaþynnt málning	4721 kg	5202 kg	4155 kg	6752 kg
Endurvinnsla á leysiefnum	5000 kg	2000 kg	7000 kg	4000 kg
Uppdæling úr brunnum	20280 kg	36000 kg	58960 kg	15000 kg

4.4 Eiturefni

Málning hf kappkostar að nota hráefni sem hvorki hafa skaðleg áhrif á notandann né á umhverfið. Má í því sambandi nefna að æ fleiri vörutegundir hafa fengið hið svokallaða 0% merki, sem gefur til kynna að engin skaðleg efnasambönd er að finna í vörunni. Enn er samt einn syndaselur á hráefnalista okkar, þar er á ferðinni Metylen Klóríð sem notast í málningaruppleysi. Notkun efnisins var bönnuð í desember 2011 og því engin notkun árið 2012, en Málning hf hefur frá því í apríl 2013 fengið undanþágu til notkunar á efninu til ársins 2018.

	2012	2013	2014	2015
Metylen Klóríð	0 kg	1860 kg	1695 kg	1850 kg

4.5 Rafmagn, heitt og kalt vatn

	2012	2013	2014	2015
Rafmagn	584790 Kwh	589634 Kwh	607989 Kwh	561716 Kwh
Heitt vatn	23425 m ³	24204 m ³	24179 m ³	22469 m ³
Kalt vatn (heildarmagn)	2401 m ³	2039 m ³	2445 m ³	2093 m ³

4.6 Duftsíun og uppgufun leysiefna

	2012	2013	2014	2015
Magn dufts sem verður eftir í síubúnaði	180 kg	220 kg	280 kg	143 kg
Magn leysiefna sem gufa upp við framleiðslu	3430 kg	3370 kg	3430 kg	3260 kg

4.7 Hávaði

Hávaði er í samræmi við þau mörk sem fram koma í reglugerð 724/2008 um hávaða.